

Fundargerð háskólaráðs

352. fundur þriðjudaginn 30. sept. 2014

fundaherbergi 262, Borgum kl. 10.05 – 11.40

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 10.05 og bauð háskólaráðsfulltrúa velkomna.

Mættir voru auk hans:

Kristín Ástgeirs dóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, á Skype
Svanfríður I. Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður
Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Rektor kynnti dagskrá fundarins.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 351. fundar var borin upp og samþykkt.

2. Mál til kynningar

Rektor kynnti.

- *1402026 Ólafsstofa* kynnt lauslega, verður tekið fyrir aftur á næsta fundi.
- *Fjöldi nemenda á haustmisseri*, miðað við svipaðan tíma í fyrra hefur nemendum fjölgað um 120 eins og skráningin stendur nú.
- *1401011 Úrskurður Umboðsmanns Alþingis í máli Ólínu Þorvarðardóttur, trúnaðarmál.*

Kynnt var niðurstaða Umboðsmanns Alþingis. Rektor mun óska eftir því við Umboðsmann að bréfið verði birt opinberlega í heild sinni. Háskólaráð styður það.



- *Végeirsstaðamál*, rektor hyggst ljúka málinu af hálfu háskólans eftir lögformlegum leiðum. Háskólaráð styður það. Rektor upplýsir háskólaráð áfram.

3. Ráðningar sviðsforseta

Ráðningartíma forseta viðskipta- og raunvísindasviðs lýkur um áramót. Við birtingu auglýsingar mun koma fram að hugsanlega verði leitað til ráðningarástofu við ráðningaráflið. Rætt var um að lengja ráðningartíma forseta fræðasviða en til þess þarf að breyta reglum HA. Rektor var falið að koma með tillögu um nýjan ráðningartíma.

4. Rekstraryfirlit janúar - ágúst

1403039

Úlfar og Ólafur komu á fundinn.

ÚH dreifði yfirliti og útskýrði það. Rekstrarstaða háskólans er 69,34% af áætlun en viðmiðið er 66,66%. Um er að ræða brúttótölur og eftir er að færa tekjur á móti kostnaði. Engu að síður lítur út fyrir halla á rekstri skólans í árslok.

5. Aðgerðaáætlun til að ná jafnvægi í rekstri

Rektor kynnti.

1. Sótt verður um aukin fjárfamlög til fjárlaganeftndar Alþingis.
2. Fastráðningum starfsfólks verður frestað.
3. Áfram verður beitt almennu aðhaldi í rekstri.

Rætt var um úthlutun rannsóknamissera. Háskólaráð er á einu máli varðandi nauðsyn þess að forsetar fræðasviða stýri henni vel innan sviðanna til að forðast ójafnvægi í kennslu og skort á kennurum innan deilda.

Rædd var sýn háskólaráðs varðandi rekstur háskólans næstu ár.

Ólafur og Úlfar fóru af fundinum.

6. Skipun aðalfulltrúa HA í stjórn FÉSTA

Rektor lagði til að Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður yrði skipaður fulltrúi HA 2014-2016. Var það samþykkt.

DKA

7. Skipun í samráðsnefnd um framhaldsnám

Háskólaráð staðfesti þá ákvörðun rektors að uppfæra skipun samráðsnefndar um framhaldsnám í samræmi við breytingar sem hafa orðið í deildum. Í samráðsnefnd sitja stjórnendur framhaldsnáms í deildum eða staðgenglum þeirra sem forsetar fræðasviða hafa tilnefnt.

8. Skipun aðal- og varafulltrúa í stjórn Góðvina

Frestað til næsta fundar.

9. Samvinna við aðra háskóla um aukningu námsframboðs

- Tölvunarfræði – rektor hefur skipað starfshóp til að undirbúa nám í tölvunarfræði við HA.
- Íþróttakennarafræði – rektor greindi frá stöðu mála.
- Annað nám – nám í tæknigreinum. Rektor mun eiga viðræður við skólameistara framhaldsskóla sem fyrsta skref.

Málið verður á dagskrá háskólaráðs í október.

10. Önnur mál

Rektor gerði grein fyrir drögum að skipulagi ársfundar 2014.

Ársskýrla siðanefndar HA 2013-2014 var lögð fram til kynningar. Hún verður á dagskrá háskólaráðs á októberfundi.

Bókun framkvæmdastjórnar sem varðar skólaárið 2013-2014 var lögð fram til kynningar.

Hafdís Erna mun segja af sér sem fulltrúi FSHA í háskólaráði vegna anna. Háskólaráð þakkaði henni fyrir ánægjulegt samstarf.

Rektor bauð háskólaráðsfulltrúum á ráðstefnu um gæðamál í tengslum við ytri úttekt fyrr á þessu ári. Ráðstefnan verður í HA 3. október eftir hádegi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.02.

Svan Þóðórdóttir
Kniðlin Ásgeirsdotтир
Háskólaráðsfulltrúi
Ráðstefnusjóður

81